



Reykjavík, 17. október 2018
Málsnúmer: 201810-0024

Efni: Sendibifreiðar – tilkynning til innflytjenda

Hinn 24. janúar 2018 felldi yfirskattanefnd úrskurði í tveimur málum (nr. 6/2018 og 7/2018) þar sem deilt var um tollflokkun bifreiða af gerðinni Ford Transit og Mercedes-Benz Sprinter. Tollstjóri taldi að fella bæri bifreiðarnar undir vörulið 8703 í tollskrá, sem bifreiðar aðallega gerðar til mannflutninga, og að þær skyldu bera vörugjöld eftir skráðri losun koltvísýrings, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993. Kærendur í málunum töldu að bifreiðarnar bæri að tollflokka sem sendibifreiðar í vörulið 8704 og að á þær skyldi leggja 13% vörugjald. Yfirskattanefnd tók í upphafi fram að gjaldflokkar laga nr. 29/1993 væru ekki miðaðir við tiltekin tollskrárnúmer heldur skilgreindir með sjálfstæðum hætti. Af þeim sökum taldi nefndin að greina þyrfti á milli annars vegar tollflokunar og hins vegar gjaldskyldu skv. vörugjaldslögum og færi svo að gjaldskylda félli ekki að sundurliðun og skýringum tollskrár bæri að fara eftir gjaldflokkum vörugjaldslaga við ákvörðun vörugjalds. Nefndin fór yfir sjónarmið bæði Tollstjóra og kæranda varðandi tollflokkan og leit í því skyni m.a. til skýringa WCO á vöruliðum 8703 og 8704. Niðurstaðan var sú að fallist var á túlkun Tollstjóra og talið að flokka skyldi ökutækin í vörulið 8703 í tollskrá og í tollflokk eftir skráðri koltvísýringslosun, sem ökutæki aðallega gert til mannflutninga. Þrátt fyrir rétta tollflokkan Tollstjóra taldi nefndin að líta þyrfti sérstaklega til gjaldskyldu ökutækjanna skv. lögum nr. 29/1993. Niðurstaða yfirskattanefndar, m.a. með hliðsjón af burðargetu ökutækjanna og lengd farmrýmis þeirra, var á þá leið að bifreiðarnar bæri að fella undir undanþáguákvæði g-liðar 2. tl. 4. gr. laga nr. 29/1993 og á þær bæri því að leggja 13% vörugjald enda teldust þær vera „sendibifreiðar sem aðallega eru ætlaðar til vöruflutninga undir 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, með sambyggt stýrishús og flutningsrými og án farþegasæta í farmrými.“

Leggja ber þann skilning í forsendur og niðurstöður framangreindra úrskurða yfirskattanefndar að bifreiðar sem eru útbúnar sætum fyrir fjóra eða fleiri farþega skuli að meginreglu telja aðallega gerðar til mannflutninga og á þær beri að leggja vörugjald eftir skráðri koltvísýringslosun nema þær megi telja vera sendibifreiðar, aðallega ætlaðar til vöruflutninga. Við ákvörðun um hvort slíkar bifreiðar megi telja vera sendibifreiðar í skilningi undanþáguákvæðis g-liðar 2. tl. 4. gr. laga nr. 29/1993 þurfi bifreiðarnar að uppfylla ýmis skilyrði sem fram koma í fyrirnefndum úrskurðum yfirskattanefndar. Meðal annars þurfa þær að hafa þrjú rými, þ.e. sambyggt stýrihús, flutningsrými og farmrými. Í úrskurðum yfirskattanefndar nr. 6/2018 og 7/2018 eru rýmin skilgreind á þann veg að sambyggt stýrihús vísi til rýmis fyrir öikumann og farþega við hlið hans í framsæti, flutningsrými sé annað rými bifreiðar en stýrihús, og er það rými sem bæði getur hentað til flutnings á mönnum og vöru, og að lokum sé farmrými sá hluti flutningsrýmis sem eingöngu er ætlaður fyrir vöruflutning. Önnur skilyrði tíundar nefndin þau að fyrir aftan sætaröð sé varanlegt skilrúm sem skilji að fólksrými og farmrými og í farmrými séu ekki hliðargluggar, sæti, sætisfestingar eða



annað sem einkenni ökutæki til fólksflutninga. Þá skal flutningsgeta í fólksrými vera minni en helmingur af skráðri burðargetu bifreiðar, m.v. að ökumaður vegi 75 kg. og farþegar 70 kg., og farmrými skal vera a.m.k. 1,7 metra frá skilrúmi að hleðsludryrum eða hlera en sé það styttra skal það vera lengra en fólksrýmið, mælt frá miðri framrúðu að skilrúmi.

Líklegt er að undanfarin ár hafi verið flutt inn ökutæki sem telja má sambærileg þeim bifreiðum sem deilt var um í úrskurðum yfirskattanefndar nr. 6/2018 og 7/2018. Upplýsingar um útlit og útbúnað þeirra við innflutning liggja aftur á móti ekki fyrir hjá tollyfirvöldum. Af þeim sökum er tollyfirvöldum ófært að ákvarða hvort ökutæki hafi í einhverjum tilvikum verið ranglega flokkuð til gjaldskyldu við innflutning. Af ákvæðum tollalaga leiðir að innflytjendum ber að færa vörur til tollflokks og leggja fram þau gögn sem nauðsynleg reynast til að tollyfirvöldum verði fært að leggja mat á réttmæti tollflokunar.

Af þeim sökum skorar Tollstjóri á þá innflytjendur sem hafa á tímabilinu 24. janúar 2014 til 24. janúar 2018 flutt inn bifreiðar hannaðar fyrir flutning bæði á mönnum og vörum og sem mögulega uppfylla þau skilyrði sem fram koma í úrskurðum yfirskattanefndar, að **senda embætti Tollstjóra þau gögn sem þeir kunna að hafa undir höndum sem geta sýnt fram á útlit og útbúnað bifreiðanna við innflutning, innan tveggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.** Í framhaldinu hyggst Tollstjóri taka afstöðu til þess hvort þau gögn sem berast bendi til þess röng gjöld hafi verið lögð á ökutækin.

Til leiðbeiningar og til að stuðla að eðlilegum og réttum framgangi skoðunar embættis Tollstjóra væri æskilegt að í innsendum gögnum kæmu eftirfarandi upplýsingar að lágmarki fram:

- Nafn innflytjanda ökutækis og kennitala.
- Sendingarnúmer.
- Dagsetning tollafgreiðslu.
- Fastanúmer ökutækis.
- Gerð ökutækis.
- Farþegafjöldi ökutækis.
- Ljósmyndir af ökutækinu við innflutning (ef mögulegt er), jafnt að innan og utan.
- Ljósmyndir þar sem sjá má lengd farmrýmis (málband sjáist greinilega á mynd), frá varanlegu skilrúmi að hurðarhlera.
- Ljósmyndir þar sem sjá má lengd fólkrýmis (málband sjáist greinilega á mynd), frá miðri framrúðu að varanlegu skilrúmi.

Senda skal ofangreind gögn á netfangið upplýsingar@tollur.is þar sem ritað er í skýringu tölvupósts; *sendibifreiðar – endurupptaka*. Sé erindið sent póstleiðis skal það sent á tollafgreiðsludeild Tollstjóra, Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík og sama skýring látin fylgja. Tollstjóri mun þá taka gögnin til skoðunar og ef þau þykja gefa tilefni til endurupptöku fyrri álagningar vörugjalds verður viðkomandi tilkynnt um það með skriflegu erindi. Vakin skal athygli á því að erindi verða ekki tekin til efnislegrar meðferðar fyrir en að liðnum þeim fresti sem gefinn er hér að ofan.



Athygli skal vakin á því að gefi innflytjendur Tollstjóra ekki til kynna með einhverjum hætti innan tveggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs að þeir telji vörugjald hafa verið ranglega lagt á innflutt ökutæki mun Tollstjóri líta svo á að viðkomandi telji sig ekki eiga rétt á endurupptöku fyrri ákvörðunar um álagningu vörugjalds. Áhrif þess kunna að verða þau að viðkomandi teljist hafa fyrirgert rétti sínum til endurupptöku fyrir tómlætis sakir.